

Til Nefndasviðs Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 12. júní 2008

Umsögn um frumvarp til laga um sjúkraskrár þskj. 1086 – 635 mál

Almenn umsögn

Nýtt frumvarp um sjúkraskrár skilgreinir miklu nákvæmar en gert er í núgildandi lögum um réttindi sjúklinga hvernig staðið skuli að skráningu, varðveislu og aðgangi að sjúkraskrá. Ég tel að löngu sé tímabært að setja sérstök lög um sjúkraskrár og fagna því framkomnu frumvarpi. Ég tel það mjög jákvætt að í frumvarpinu er kveðið á um skyldu heilbrigðisstarfsmanna til að færa upplýsingar í sjúkraskrár. Einnig fagna ég þeim ákvæðum sem lúta að varðveislu sjúkraskráa og aðgangi að þeim.

Almenn athugasemd

Fjölbrautaskólinn við Ármúla annast menntun heilbrigðisritara (hjúkrunar- og móttökurítara) og læknaítara. Aðalstarf þessara tveggja heilbrigðisstétta er að skrá upplýsingar um sjúklinga sem þiggja þjónustu heilbrigðisstofnana. Ég fann hvernig í lagagreinum frumvarpsins að fjallað væri um aðkomu þessara starfstétta að skráningu upplýsinga í sjúkraskrár. Ég vil því vinsamlega benda nefndarmönnum heilbrigðisnefndar á það hvort ekki sé eðlilegt að læknaítarar og heilbrigðisritarar séu nefndir í lögnum.

Athugasemd við 17. grein

Aðgangur að sjúkraskrár vegna vísindarannsókna hefur verið háður leyfi frá Vísindasiðanefnd auk leyfis Persónunefndar og umsjónaraðila gagnanna. Ég mælist til að bætt verði við lagagreinina að krafist sé leyfis Vísindasiðanefndar.

Virðingarfyllst,



Gísli Ragnarsson
skólameistari